

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 7-2016

Tími: Föstudagur 21. október 2016, kl 13:00 á Keldnaholti

Mætt: Björn Þorsteinsson, Bjarni Stefánsson, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Helena Guttormsdóttir, Hilmar Janusson, Margrét Gísladóttir, Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Brita Berglund ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir tveggja síðustu funda: 5-2016 og 6-2016

Rektor sendir fundargerðina til ráðsmanna og kallar eftir samþykki í tölvupósti.

2. Skipan fulltrúa í ráðið, hvernig varamenn skulu boðaðir og fundaráætlun

Sigriður Kristjánsdóttir er 1. varamaður fyrir HHÆ og Arngrímur Thorlacius fyrir HG. Ef fyrsti varamaður getur ekki mætt er hinn kallaður til. Það er á ábyrgð aðalmanns að láta varamann vita. Ákveðið að öll fundargögn verða einnig send til varamanna í framtíðinni og að þeim ber skylda til að lesa þau óháð því hvort þeir verða kallaðir inn á fund eða ekki.

Ákveðið að dagskrá Háskólaráðsfundar verði lokuð eina viku fyrir fund og send til fundarmanna viku fyrir fund. Dagskrá verður svo endanlega samþykkt á viðkomandi fundi og ráðamenn geta tekið ákvörðun um að breyta henni. Rektor falið að upplýsa starfsmenn skólans um þessar ákvarðanir.

Fundaráætlun verður ákveðin fyrirfram fyrir hvert misseri og birt í dagatali Lbhí. Næstu fundir ákveðnar 18. nóvember og 16. desember. Fundir vormisseris verða ákveðnar á desemberfundinum.

3. Skipan fulltrúa í siðanefnd – ráðgjöf siðfræðistofnunar

Rektor hefur leitað ráðgjafar hjá Henry Alexander Henryssyni um hvernig best sé að manna þriggja manna siðanefnd Lbhí. Tillaga að samsetningu: Einn löglærður sem starfar innan háskóla, sem er formaður nefndar; einn siðfræðingur sem þekkir til innan Lbhí; einn reyndur háskólakennari á svipuðu fræðasviði og starfsemi Lbhí. Ráðsmenn senda tillögur að aðilum sem koma til greina til rektors sem tekur saman lista. Háskólaráð ræður svo endanlega samsetningu.

Ný siðanefnd aðstoðar Framkvæmdastjórn við mótun nýrra siðareglna Lbhí sem Háskólaráð fær svo til samþykktar. Umræður spunnust um hlutverk siðanefndar – hvort hún eigi eingöngu að vera í viðbragðshlutverki eða vera meira pró-aktív í að bæta siðgæði og samskipti innan stofnunarinnar.

Rektor falið að leggja fram tillögu að sameiginlegri siðanefnd rannsókna á fundi háskólarektora.

4. Áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og ráðning starfsmannastjóra

Skólinn ber skylda til að gera innra mat á öryggi og heilbrigði starfsmanna og nemenda. Ákveðið var á framkvæmdarstjórnarfundi nýlega að kanna möguleika á að fá fagaðila til að gera sálfélagslegt áhættumat. Það er fjárhagslegt svigrúm fyrir þetta í ár og málið í vinnslu.

Lbhí auglýsti nýlega eftir starfsmannastjóra í 50% starf. Margir sóttu um og Capacent hefur metið og raðað umsóknum. Rektor, deildarforseti Umhverfis- og auðlindaeildar, forstöðumaður Starfs- og

endurmenntunardeildar og rekstrarstjóri munu, ásamt fulltrúa Capacent, taka viðtöl við umsækjendur.

5. Jöfnun kennsluálags á akademíska starfsmenn, mninkuð innkaup á stundakennslu og mótun reglna um starfsskyldur akademískra starfsmanna

Rektor upplýsti um hugmyndir sem eru uppi um að endurskoða kennsluálag akademískra starfsmanna og mönnun kennslu. Samhliða þeirri vinnu væri mögulegt að endurskoða starfsheiti einstaklinga svo þau endurspegli raunveruleg störf þeirra. Háskólaráð bendir því til rektors og deildarforseta að setja þetta í farveg og kynna svo niðurstöður fyrir Háskólaráð. Ráðið lagði miklar áherslur á aðkomu starfsmanna í þessari vinnu og að skoða möguleika á að hafa sér framgangskerfi fyrir þá sem hafa áhuga á kennslu sem aðalstarfi, samhliða hinu venjubundna akademíska framgangskerfi. Var nefnt sem dæmi adjunkt 2 - nýstofnað heiti í HÍ sem felur í sér 90% kennslu.

6. Kvartanir FÍN og deildarfundar vegna ráðningar rektors á námsbrautarstjórum. Kvörtun Ólafs Arnalds útaf afskiptum rektors af MOOC-námskeiði.

Rektor leggur til að gögn máls verði lögð fram til kynningar, málsmeðferð ákveðin og síðan efnisleg afgreiðsla á næsta fundi

Gögn send með fundarboði:

16-0920-LBHÍ Háskólaráð-Athugasemdir FÍN við skipan námsbrautarstjóra náttúru- og umhv.fr.br. við LBHÍ

16-0920-Viðaukar við br. -LBHÍ Háskólaráð-Athugasemdir FÍN við skipan námsbrautarstjóra náttúru- og umhv.fr.br. við LBHÍ

Ályktun send Háskólaráði til afgreiðslu frá Deildarfundum

ÓA Háskólaráð Erindi MOOC

Greinargerð rektors við kvörtunarefni undir lið 6 – trúnaðarmál

Þar að auki barst ráðsmönnum í sérstökum tölvupósti fyrir fundinn greinargerð deildarforseta og sviðsstjóra kennslu- og gæðamála um aðdraganda MOOC-málsins sem og erindi frá framkvæmdarstjórn með ósk um að hitta háskólaráð til að ræða stöðu mála innan skólans.

Fyrir fundinn barst greinargerð frá Áslaugu Helgadóttur til fulltrúa starfsmanna í háskólaráði sem var dreift á fundinum undir lið 6.

Framkvæmdastjóri FÍN og Ólafur Arnalds mættu á fundinn kl. 14, að beiðni rektors, til að gera stuttlega grein fyrir sínum málum. Rektor vék af fundi vegna vanhæfis á meðan það var tekið fyrir og BS tók við fundarstjórn.

Formaður FÍN gerði grein fyrir málinu, sem í hnotskurn snýst um að ekki var farið að reglum skólans við ráðningu brautarstjóra í sumar, og óskaði eftir formleg viðbrögð Háskólaráðs. Hann ítrekaði að ekki væri hægt að afturkalla ráðninguna, en starfsmaður sem var gengið fram hjá í þessu máli gæti átt rétt á skaðabótum.

ÓA gerði einnig grein fyrir máli sínu, um óeðlileg afskipti rektors af máli sem hann telur að samkvæmt reglum skólans heyrir undir háskóladeild og kennsluvið, meint aðför að akademísku frelsi, og áhyggjur af dvínandi trausti milli rektors og starfsmanna. ÓA benti einnig á að samkvæmt reglum Lbhí hefði rektor átt að fela staðgengli rektors allan undirbúning 6. dagskráliðs vegna vanhæfis, en ekki

sjálfur standa að undirbúningi þess eins og var gert. ÓA óskaði eftir því að Háskólaráð úrskurði formlega í málinu.

Eftir að formaður FÍN og ÓA voru farinn ræddu fundarmenn þessi mál og sú alvarlega staða sem upp er komin innan skólans. Rektor kom inn til að gera grein fyrir sinni hlið mála. Hann vék svo aftur og málin rædd áfram. Að lokum var ákveðið að Háskólaráð myndi halda umræðum áfram á vinnufundi án rektors þriðjudaginn 25. okt. Að ósk rektors greindi BS og HJ rektor frá því því helsta úr umræðunum eftir lok formlegrar dagskrár.

Dagskrárliðir 7. og 8.

Ekki teknir fyrir vegna tímaskorts, að öðru leyti en að rektor tilkynnti að Veiðimálastofnun (nú Hafrannsóknarstofnun) hefur sagt upp 18. millj. kr. leigusamningi við Lbhí fyrir skrifstofur og annað rými á Keldnaholti. Gera þarf ráðstafanir til að fá nýja leigjendur sem fyrst, til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tap.

10. Erindi frá rannsóknarmisseriesnefnd lagt fyrir til kynningar og afgreiðslu síðar. Meðfylgandi: Skýrsla til rektors

HHÆ greindi frá því að rannsóknarmisseriesnefnd hefði mælt með því að Bjarna Diðrik Sigurðssyni yrði veitt rannsóknarmisseriesni fyrir haustið 2017 og vorið 2018. Rektor mælti með jákvæðri afgreiðslu með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga og fjárhagsstöðu skólans 2017.

11. Næstu fundir

Vinnufundur án rektors þriðjudaginn 25. október kl. 13 á Keldnaholti

Háskólaráðsfundur föstudaginn 18. Nóvember kl. 13 á Keldnaholti

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.35